

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 28. apríl 2021

17. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

 ROLEX	 TUDOR		<p>Glæsilegt úrval heimsþekktra vörumerkja</p> <p>MICHELSEN 1909</p> <p>Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is</p>
 TAG Heuer	 LONGINES		
 NOMOS GLASHÜTTE	 TISSOT		

Metin á 99 milljarða

Samkvæmt útboðsgengi vegna skráningar Sildarvinnslunnar er virði hennar 93,5 til 99 milljarðar króna. Seldur verður 26 til 29 prósent hlutur í útboðinu.

2

Kría hvetur sprota til dáða

Ríkið leggur Kriú til átta milljarða á næstu fimm árum til að fjárfesta í vísisjóðum. Fyrsta úthlutun sjóðsins verði í haust. Fimm sjóðir fullfjármagnaðir í ár.

4

Mikill ferðavilji lofar góðu

Markaðskönnun Íslandsstofu sýnir að tíu prósent svarenda á stórum markaðssvæðum ætla að koma til Íslands innan tólf mánaða. Mikill áhugi hjá Bandaríkjamönnum.

8

Þrálátari verðbólga

Greinandi Jakobsson telur að verðbólgan muni ganga hægt niður vegna hækkunar á hrávöruverði, flutningskostnaði og ójafnvægi á mörkuðum.

8

Sátt ógnað

Níu stjórnendur lífeyrissjóða segja frumvarp um breytingar á lögum um lífeyrissjóði ógna sátt sem hefur ríkt um val og sveigjanleika varðandi frjálsa séreign.

10

Tveir pólar í ríkisfjármálum

Efnahagsaðgerðir stjórnvalda liggja undir gagnrýni. Samfylkingin vill meiri kraft í að ná niður atvinnuleysi. Óvíst hver myndi kaupa auknar ríkisskuldur. Vaxtahækkanir og verðbólga áhættuþættir. ➔6



Að því leyti ryður ríkið öðrum fjárfestingum til hliðar.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á opticalstudio.is
og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

Hagnaður Stoða var 7,6 milljarðar króna í fyrra

Hagnaður Stoða, eins umsvifamesta fjárfestingafélags landsins, næstum tvöfaldaðist á milli ára í fyrra og nam hagnaðurinn samtals 7,56 milljörðum króna. Hagnaður félagsins kemur nær einvörðungu til vegna tekna af skráðum fjárfestingaverðbréfum sem voru um 7,46 milljarðar á árinu 2020.

Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi Stoða en fjárfestingafélagið er stærsti hluthafinn í Símanum, fer með tæplega fimm prósentu hlut í Arion banka og var auk þess stærsti eigandi Kviku banka og tryggingafélagsins TM, sem sameinuðust í lok marsmánaðar. Hlutabréfaverð allra félaganna hækkaði mikið á liðnu ári í Kauphöllinni.

Þá komu Stoðir að fjármögnun Play fyrr í þessum mánuði, með því að leggja hinu verðandi flugfélagi til um 635 milljónir króna og eignuðust við það um 8,4 prósentu hlut.

Eigið fé Stoða nam tæplega 31,8 milljörðum króna í árslok 2020 og er félagið skuldlaust. Fjárfestingaeignir voru bókfærðar á 28,9 milljarða og þá nam handbært fé Stoða um 2,6 milljörðum.

31,8

milljarðar var eigið fé Stoða í árslok 2020.

Fram kemur í skýrslu stjórnar að félagið hafi keypt eigin bréf upp á 481 milljón hluta að nafnvirði á síðasta ári, fyrir samtals 993 milljónir króna, nam hlutur Stoða í sjálfu sér rúmlega 6,1 prósentu í árslok. Stærsti eigandi Stoða er eignarhaldsfélagið S121 með 55,3 prósentu hlut, en þeir sem standa að því félagi eru meðal annars Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Stoða og Símans, Einar Örn Ólafsson, fyrrverandi forstjóri Skeljungs og stjórnarformaður Play, og Örvar Kjærnested, fjárfestir.

Aðrir helstu hluthafar Stoða eru TM, sem á 12,4 prósentu hlut, sjóðir í stýringu Stefnis, félagið Mótás og eignarhaldsfélagið Vindhamar.

– hae



Sildarvinnslan er annað útgerðarfélagið til að fara á hlutabréfamarkað í Kauphöllinni en Brim er þar fyrir.

SVN metin á allt að 99 milljarða í útboðinu

Samkvæmt útboðsgengi sem hefur verið ákvarðað vegna skráningar Sildarvinnslunnar á markað er heildarvirði félagsins talið vera á bilinu 93,5 til 99 milljarðar króna. Seldur verður 26 til 29 prósentu hlutur í útgerðarfélaginu.

Sildarvinnslan, sem er eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins og í nærri helmingseigu Samherja, verður verðlögð á allt að 99 milljarða króna í almennu hlutafjárútboði félagsins sem mun fara fram dagana 10. til 12. maí næstkomandi. Það er litlu minna en markaðsvirði Brims, eina útgerðarfyrirtækisins sem er nú skráð í Kauphöllinni, en það stóð í um 105 milljörðum króna við lokun markaða í gær.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur verið tekin ákvörðun um að selja á bilinu 26 til 29 prósentu hlut í Sildarvinnslunni í útboðinu en á undanförunum dögum hafa staðið yfir fundir með fjárfestum þar sem stjórnendur og ráðgjafar félagsins, sem eru fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, hafa veitt ítarlegri upplýsingar en áður um hvernig staðið verður að sölu. Þannig verður almennum fjárfestum boðið að kaupa hluti á genginu 55 til 58 krónur á hlut að nafnvirði í hlutafjárútboðinu en í tilfelli fagfjárfesta verður útboðsgengið að lágmarki 55 krónur.

Hlutafé Sildarvinnslunnar nam um 1.700 milljónum króna að nafnvirði í árslok 2020 sem þýðir að heildarvirði útgerðarfélagsins er því metið á bilinu 93,5 milljarðar til tæplega 99 milljarðar í útboðinu. Ef samtals 29 prósentu hlutur verður seldur í heild sinni á gengi sem er í efri hluta verðbilsins – 58 krónur á hlut – þá er ljóst að um 28,6 milljarðar króna munu fást fyrir slíkan hlut í hlutafjárútboðinu. Verði hins

49

milljarðar var eigið fé Sildarvinnslunnar í árslok 2020.

vegar seldur minni hlutur, eða um 26 prósent, á genginu 55 krónur á hlut, þá verður söluandvirðið um 24,3 milljarðar.

Áætlað er að fyrsti viðskiptadagur með hlutabréf Sildarvinnslunnar í Kauphöllinni verði 27. maí næstkomandi.

Samkvæmt viðmælendum Markaðarins sem hafa setið fjárfestafundi um Sildarvinnsluna, meðal annars úr röðum lífeyrissjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingafélaga, er umtalsverður áhugi á hlutafjárútboðinu og fastlega reiknað með því að það verði veruleg umframeftirspurn. Verðmatið á félaginu miðast meðal annars við að virði þess sé um tíu til ellefu sinnum áætlaður EBITDA-rekstrarhagnaður á þessu ári – eða liðlega níu milljarðar króna – en á síðasta ári nam hann um átta milljörðum. Eigið fé Sildarvinnslunnar stóð í 49 milljörðum króna í árslok 2020.

Ekki er búið að upplýsa fjárfesta um hvaða hluthafar Sildarvinnslunnar munu selja bréf sín – og þá hversu stóran hlut hver fyrir sig – en greint verður frá því í skráningarlýsingu þegar hún birtist í aðdraganda útboðsins. Ljóst er hins vegar að það verða fyrst og fremst sjávarútvegsrisinn Samherji, sem fer með

tæplega 45 prósentu hlut í Sildarvinnslunni, og eignarhaldsfélagið Kjálkanes, sem á 34,2 prósentu hlut og er einnig meðal annars eigandi útgerðarfélagsins Gjögurs á Grenivík, sem munu standa að baki þeim hlut sem verður seldur í komandi útboði.

Þriðji stærsti hluthafi Sildarvinnslunnar, með um 11 prósentu hlut, er Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað en forsvarsmenn félagsins hafa lýst því yfir að það muni ekki selja neitt af sínum bréfum í útboðinu heldur horfi fremur til þess að reyna að auka við hlut sinn.

Tilkynnt var um skráningaráform Sildarvinnslunnar, sem er með höfuðstöðvar sínar í Neskaupstað en hjá félaginu starfa um 340 manns, í byrjun febrúar á þessu ári. Bókfært virði aflheimilda Sildarvinnslunnar, sem eru einkum í uppsjávartegundum, nam um 30 milljörðum í árslok 2019 en ljóst er að virði þeirra, eins og verðlagningin á félaginu í útboðinu sýnir, er umtalsvert meira, líklega nær 80 milljörðum.

Hagnaður af rekstri Sildarvinnslunnar á síðasta ári var um 39,3 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um fimm milljarða króna, og hélst nokkuð stöðugur frá fyrra ári þegar hagnaðurinn var 40,5 milljónir Bandaríkjadala. Rekstrartekjur fyrirtækisins minnkuðu um 6 milljónir dala og námu 184 milljónum dala. Eiginfjárlutfall samstæðu Sildarvinnslunnar var 68 prósent við lok árs 2020.

hordur@frettabladid.is

MARKAÐURINN


ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Abyrgðarmaður Björn Viglundsson

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is



Kaup, sala og samruni fyrirtækja.

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferð
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð

KONTAKT
FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF

kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

Síminn fær ráðgjafa til skoða sölu á Milu

Síminn hefur fengið til liðs við sig fjárfestingabankann Lazard og Íslandsbanka til að veita fjarskiptarísanum ráðgjöf um stefnumarkmið og framtíðarmöguleika Milu, dótturfélags Símans.

Á meðal þess sem þar kemur til greina er að kanna „valkosti er varða framtíðar eignarhald á Milu“, að því er haft var eftir Orri Hauksyni, forstjóra Símans, í afkomu-tilkynningu sem félagið sendi frá sér eftir lokun markaða í gær. Það eigi að gera í því skyni að „hámarka verðmæti eigna Símans fyrir hluthafa og að tryggja að framtíðarþróun innviða samstæðunnar verði hagfeld fyrir íslenskan almenning.“

Í tilkynningunni segir Orri að mikil og ör þróun hafi átt sér stað síðustu misserin á samsetningu



Orri Hauksyn, forstjóri Símans.

fjarskiptafélaga á alþjóðamörkuðum. Þannig hafi innlendir og erlendir fjárfestar sýnt því aukinn áhuga að innviðaeignir séu aðskildar frá þjónustufélögum í smásölu. Mila, sem var með um 6,4 milljarða í tekjur í fyrra og skilaði 1.200 milljóna króna hagnaði, er heildsölu-fyrirtæki á fjarskiptamarkaði og felst starfsemi þess í að byggja upp og reka innviði fjarskipta.

Hugmyndir um að skoða þann möguleika að selja Milu frá Símanum hafa lengi verið í burðarliðnum. Á það hefur verið bent að EBITDA-margfaldarar við sölu á sambærilegum innviðafyrirtækjum í nágrennaríkjum hafi verið yfir 15 sem þýðir að heildarvirði Milu – EBITDA félagsins er áætluð um 5.150 milljónir á þessu ári – gæti verið vel yfir 70 milljarðar. Markaðsvirði Símans í Kauphöllinni í dag er hins vegar um 80 milljarðar.

Fyrr á árinu var gengið frá því að fjármagna Milu sjálfstætt, í stað þess að félagið væri fjármagnað innan samstæðunnar, með 20 milljarða fjármögnun frá Íslandsbanka. Sú breyting, ásamt kaupum á rekstri IP/MPLS kerfis og rekstri farsímadreifikerfis af Símanum, er sögð liður í því að auka sjálfstæði Milu. – hae

GEFÐU STARFSFÓLKINU DAGAMUN



Þótt árshátíðir og ýmis annar gleðskapur hafi fallið niður hjá fyrirtækjum og stofnunum er auðvelt að gefa starfsfólkinu glaðning og gera því glaðan dag. Við útbúum óskaskrín sérmerkt þínu fyrirtæki og með kveðju til starfsfólksins. Hafðu samband í síma 577 5600 eða info@oskaskrin.is.

Kría hvetur sprotaumhverfið til dáða

Ríkið leggur Kríu til átta milljarða á næstu fimm árum til að fjárfesta í vísisjóðum. Horft er til þess að fyrsta úthlutun sjóðsins verði í haust. Framkvæmdastjóri Eyrís Ventures segir að Kría varpi ljósi á að fjárfestingar í sprotum krefjist sérhæfingar og þekkingar.

Helgi Vífill
Júliusson
helgivi@frettabladid.is



Síðan á Íslandi er sú að þrátt fyrir að mikið hafi áunnist undanfarin ár í auknum stuðningi og fjárfestingum í sprotafyrirtækjum og nýsköpun, þá er aðgangur að fjármagni enn ein veigamesta hindrunin fyrir frekari uppbyggingu sprotafyrirtækja. Þeir fjármunir sem fylgja Kríu, og eru hrein viðbót við fjárfestingar lífeyrissjóða og einkaaðila, eru því kærkomin viðbót. Þetta segir Örn Valdimarsson, framkvæmdastjóri Eyrís Venture Mangement.

„Síðan skiptir ekki síður máli sú viðurkenning og hvatning sem felst í því að ríkisvaldið sé að leggja fram þessa fjármuni. Það er hvatning sem beinist bæði að öðrum fjárfestum um að gefa þessum eignaflokki aukinn gaum, sem og hvatning til þeirra sem fást við og sérhæfa sig í fjárfestingum af þessu tagi og undirstrikar að fjárfestingar í sprotafyrirtækjum krefjast ákveðinnar sérhæfingar, reynslu og þekkingar,“ segir hann.

Þóráð Kolbrún R. Gylfadóttir nýsköpunarráðherra kom Kríu frumkvöðlasjóði á koppinn. Hann mun fjárfesta í vísisjóðum. Í fjármálaáætlun næstu fimm ára er gert ráð fyrir að um átta milljarðar króna renni til Kríu. Hún getur að hámarki átt 30 prósent í hverjum sjóði eða lagt honum til að hámarki tvo milljarða.

Svana Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Frumtaks Ventures, segir að stærð vísisjóða verði að vera fjórir milljarðar að lágmarki, helst fimm, til að geta staðið undir kostnaði við reksturinn. Tilkoma Kríu muni auka líkurnar á að þeir sem ekki hafi áður staðið í rekstri slíkra sjóða geti safnað nægu fjármagni. „Kría mun líklega skipta sköpum fyrir þá sem hafa ekki áður staðið að slíkum rekstri til að ná þessari lágmarks fjárhæð,“ segir hún. Frumtak Ventures rekur tvo vísisjóði.

Kristinn Árni Lár Hróbjartsson, stjórnarformaður Kríu, segir að horft sé til þess að fyrsta úthlutun sjóðsins verði í haust.

Við það vaknar spurningin hvernig úthlutun verði háttað enda líklegt að gengið verði frá stofnun vísisjóða á ólíkum tíma ársins. Kristinn Árni segir að kveðið sé á um í reglunum að úthlutun sé að lágmarki einu sinni á ári og geti því



Þóráð Kolbrún R. Gylfadóttir nýsköpunarráðherra ýtti Kríu úr vör en sjóðurinn er sagður hafa jákvæð áhrif á fjármögnunarumhverfi sprota. Á myndinni er Helgi Hjálmarsson, forstjóri Völkú, sem er framsækið nýsköpunarfyrirtæki, að sýna ráðherranum skurðarvél frá fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

●● Kría mun líklega skipta sköpum fyrir þá sem hafa ekki áður staðið að slíkum rekstri til að ná þessari lágmarks fjárhæð.

Svana Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Frumtaks Ventures



orðið oftar. Að sama skapi sé viss sveigjanleiki við úthlutun; sjóðir megi hafa safnað 70 prósentum af því fjármagni sem stefnt sé að eða hafa fjárfest fyrir allt 25 prósent af fjárhæðinni til að fá úthlutun. Sjóðir megi því hafa stigið sín fyrstu skref til að vera gjaldgengir hjá Kríu. Kristinn Árni nefnir að Kríu sé gert að úthluta tiltekinni upphæð á hverju ári. Sú fjárhæð dreifist jafnt á milli allra vísisjóðanna sem uppfylla skilyrðin ár hvert.

Það gerir það að verkum að hve mikið hver sjóður fær í sinn hlut fer eftir því hve margir aðrir sækja um á árinu. Aðspurður segir hann að

Allt að 40 milljarðar í nýsköpun á fimm árum

Ætla má að fimm vísisjóðir verði fullfjármagnaðir og hefji starfsemi á þessu ári, samkvæmt Samtökum iðnaðarins. „Umfang þessara sjóða gæti verið nálægt 40 milljörðum króna þannig að með þeirri fjárhæð verður fjárfest í sprotum, aðallega á Íslandi, á næstu þremur til fimm árum,“ segir í greiningu samtakanna. Vísisjóðir fjármagna nýsköpunarfyrirtæki sem eru að stiga sín fyrstu skref.

Brunnur Ventures hleypti nýverið af stokkunum sínum öðrum sjóði sem er 8,3 milljarðar að stærð. Kvika eignastýring kom

á fót vísisjóðnum lðunni sem leggja mun áherslu á lífvísindi og heilsutækni. Áskriftarloforð námu 6,7 milljörðum króna eftir fyrstu umferð söfnunar en síðari umferð söfnunar lýkur í september.

Fram hefur komið í fjölmiðlum að Eyrís Venture Management vinni að því að koma á fót sínum öðrum sjóði og að Bala Kamallakharan sem rekur Iceland Venture Studio vilji stofna vísisjóði. Heimildir Markaðarins herma að Crowberry Capital og Frumtak Ventures séu einnig með nýja vísisjóði á þróunum.

●● Markmið Kríu er að byggja upp fjármögnunarumhverfið. Það er ekki okkar hlutverk að tryggja samfellu, samfellunnar vegna, heldur styðja við uppbygginguna.

Kristinn Árni Lár Hróbjartsson, stjórnarformaður Kríu



það myndi hafa betri áhrif á fjármögnunarumhverfið ef færi sjóðir fengu hærra úthlutun á einu ári en ef margir sjóðir myndu fá minna.

Árið 2015 litu þrjú vísisjóðir dagsins ljós. Þeir eru í rekstri hjá Brunni, Eyri og Frumtaksi og hleyptu lífi í fjármögnunarumhverfið. Að fáeinum árum liðnum voru sjóðirnir búnir að ráðstafa því fé sem þeir höfðu til nýfjárfestinga en það liðu nokkur ár þar til nýir sjóðir tóku við keflinu. Það var því ekki samfella í fjármögnunarumhverfinu. Sumir, sem þekkja vel til nýsköpunar á hér á landi, hafa áhyggjur af því að Kría hafi hvatt af marga til að taka af skarið með nýjan sjóð nú en svo muni sagan endurtaka sig; umtalsvert fjármagn verði á boðstólum um skeið en svo taki við tími þar sem frumkvöðlar komi að tómun kofanum hjá vísisjóðum þar sem þeir geti ekki lagt meira fé í nýjar fjárfestingar.

Vilja fá fleiri fjárfesta í nýsköpun

Markmið Kríu er að styðja við uppbyggingu á sérhæfðu fjármögnunarumhverfi fyrir hugvitsdrifin fyrirtæki. Þannig að hér verði sérhæfð fyrirtæki í rekstri vísisjóða með góða rekstrarsögu, þekkingu og tengsl við erlenda aðila. Þetta segir Kristinn Árni Lár Hróbjartsson, stjórnarformaður sjóðsins.

Hann segir að hérlendis séu þá einkum lífeyrissjóðir sem leggi vísisjóðum til fé en erlendis sé baklandið mun breiðara. Til að auka áhuga annarra fjárfesta verður þeim boðið að kaupa Kríu út á fyrirfram ákveðnum kjörum, eins og reynst hafi vel í Ísrael og víðar. „Vonandi mun það stuðla að því að við fáum fleiri tegundir af fjárfestum í hugvitsdrifin fyrirtæki eftir einhver ár,“ segir Kristinn Árni.

●● Ég óttast ekki að það verði of margir vísisjóðir.

Örn Valdimarsson, framkvæmdastjóri Eyrís Venture Management



keppa sín á milli um einstakar fjárfestingar. Vegferðin í uppbyggingu sprotafyrirtækja er löng og áhættusöm og því eru það sameiginlegir hagsmunir sprotafyrirtækisins og fjárfesta að vinna frekar saman í einstökum verkefnum.

Á undanförunum árum hafa orðið til nokkrir sérhæfðir rekstraraðilar vísisjóða og umhverfið hefur þroskast mikið. Þessir aðilar hafa öðlast reynslu og þekkingu í að nýta sem best það fjármagn sem sjóðunum er treyst fyrir. Mér finnst það mjög góðs viti að sjá rekstraraðila vera að safna í sjóð tvö eða þrjú. Fjárfestingar sjóðanna munu koma til með að jafnast út og dreifast betur á fjárfestingartímabil þeirra. Og það er að myndast ákveðinn taktur í þessari starfsemi, líkt og við þekkjum erlendis, þar sem öflugir rekstraraðilar koma nýjum sjóð á legg þegar fjárfestingartíma fyrri sjóðs lýkur,“ segir hann.



FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Kynntu þér árangur og úrval íV sjóða á WWW.IV.IS

— síðan 1987 —

“
Ég elska
hljóðið
þegar fólk
tyggur
hrökkbrauð



Kauptu næluna
á blarapril.is

Einhverfa er alls konar

Birtingarmyndir einhverfu eru afar breytilegar og miðast að því hvernig einstaklingurinn skynjar sjálfan sig og veröldina í kringum sig. Einhverfu fylgja líka áskoranir þar sem fræðsla og stuðningur skipta höfuðmáli.

Þegar þú styrkir Bláan apríl leggur þú börnum með einhverfu og fjölskyldum þeirra lið með ómetanlegum hætti.



BLÁR APRÍL
Styrktarfélag barna
með einhverfu



„Ef ríkissjóður myndi auka við skuldir, með útgáfu langra skuldabréfa, umfram það sem áætlað er og treysta á að innlendir fjárfestar kaupi skuldabréfin, þá má gera ráð fyrir að langtímavextir á markaði hækki töluvert. Þá verður dýrara fyrir aðra að taka lán og að því leyti ryður ríkið öðrum fjárfestingum til hliðar,“ segir Stefán Broddi hjá Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ekki ljóst hver fjármagnar frekari halla

Efnahagsaðgerðir stjórnvalda sæta gagnrýni. Samfylkingin vill meiri kraft í að ná niður atvinnuleysi. Óvist hver myndi kaupa auknar ríkisskuldir. Seðlabankinn og lífeyrissjóðir hafa haldið að sér höndum. Vaxtahækkanir og verðbólga áhættuþættir.

Porsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Það eru skiptar skoðanir á því hvernig ríkisfjármálunum eigi að vera háttað á næstu árum. Borið hefur á gagnrýni, einkum úr herbúðum Samfylkingarinnar, á umfang þeirra aðgerða sem stjórnvöld hafa ráðist í til þess að bregðast við kórónakreppunni. En í ljósi þess hvernig ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa hefur þróast frá haustmánuðum síðasta árs vekur ákall um aukin ríkisútgjöld upp áleitnar spurningar um vaxtahækkanir og verðbólgu.

„Við getum dregið úr skuldsetningu ríkissjóðs til meðallangs tíma með því að setja meiri kraft í aðgerðir fyrir vinnumarkaðinn í dag,“ segir Krístrún Frostadóttir hagfræðingur en hún leiðir lista Samfylkingarinnar í Reykjavíkarkjördæmi suður.

„Út frá sjónarmiðum um verðstöðugleika er varhugavert að ríkissjóður sé með verulega innspýtingu í hagkerfið í lengri tíma á meðan vaxtastig er í sögulegu lágmarki. Fari aðgerðirnar að hvetja til verðbólgu mun Seðlabankinn neyðast til að bregðast við með vaxtahækkanum,“ segir Anna Hrefna Ingi-

Allt sem hægt er að gera á þessu ári til að flýta ráðningum mun margborga sig eftir nokkur ár og draga úr fjármögnunarþörf.

Krístrún Frostadóttir, hagfræðingur og frambjóðandi Samfylkingarinnar



mundardóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins.

„Það væri því bjarnargreiddi fyrir heimilin og fyrirtækin að ætla sér að viðhalda of miklum stuðningsaðgerðum of lengi.“

Frambjóðendur Samfylkingarinnar hafa vakið athygli á því hversu kostnaðarsamt það er fyrir ríkissjóð að stór hluti vinnumarkaðarins sé óvirkur.

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2022 til 2026 er gert ráð fyrir að skuldir hins opinbera nái hámarki í um 54 prósentum af landsframleiðslu árið 2025 samanborið við rúmlega 60 prósent í fyrri áætlun. „Kemur

þar til próttmeira hagkerfi en flesta grunaði og kraftmikil viðspyrna efnahagsmálanna sem leiðir til þess að skuldir hins opinbera munu vaxa minna en gert var ráð fyrir,“ segir í fjármálaáætlun.

En þrátt fyrir viðsnúning í efnahagslífinu á fyrri hluta spátímans, hratt lækkandi framleiðsluspennu og öran bata í ferðaþjónustu er útlit fyrir að lækkun atvinnuleysis verði hægfara út spátímann. Þannig verður atvinnuleysi rúm 9 prósent á þessu ári, rúm 7 prósent á því næsta og enn um 6 prósent árið 2023.


Krístrún líkir vanda ríkissjóðs við leka í húsi. Stjórnvöld hafi verið svífasein í upphafi faraldursins og fyrir vikið sé viðgerðin á lekanum dýrari en hún hefði þurft að vera.

„Þótt viðhaldið vegna lekans reynist dýrara en við höfðum vonað borgar sig samt sem áður að klára verkið. Við komumst ekki hjá þessum kostnaði,“ segir Krístrún.

Að hennar mati er ekki skammsýni að auka skuldsetningu ríkissjóðs enn frekar effjármagnið leitar á rétta staði. Þvert á móti er það til marks um skammsýni stjórnvalda að setja sér markmið um skuldahlutfall, tölu sem hreyfist að langmestu leyti með þjóðhagslegum stærðum sem erfið er að spá fyrir um langt fram í tímann, eftir fimm ár í stað þess að einblína á aðkallandi efnahagsvanda í dag.

„Stefnan sem við tölum fyrir

Próun atvinnuleysis samkvæmt fjármálaáætlun (%)



snýst um að flýta ráðningum eins hratt og mögulegt er og vernda fólk á meðan litla atvinnu er að fá. Sér í lagi að bregðast við ef sú sviðsmynd sem lagt er upp með í fjármálaáætlun um hátt atvinnuleysi í mörg ár er sú rétta miðað við núverandi aðgerðaáætlun,“ segir Krístrún.

Umfang aðgerðanna, sem núverandi stjórnvöld hafa ráðist í, sé einfaldlega ekki í takt við umfang efnahagsvandans. Hún bendir á að prósentustig atvinnuleysis kosti ríkissjóð um 5,5 milljarða króna á ári og að kostnað við aðgerðir ætti að meta út frá því hversu hratt er

hægt að ná atvinnuleysi niður. Þannig myndi 11 milljarða króna aðgerð sem flýtur ráðningum borga sig upp á einu ári ef atvinnuleysi minnkar um 2 prósent.

„Fyrir okkur er tímasetning aðgerða það sem skiptir öllu máli og samspil aðgerða. Hér á landi fór meira fjármagn í atvinnuleysisbætur en í að vernda ráðningarsambönd, öfugt við það sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn metur fyrir Vestur-Evrópulöndin í fyrra. Þá var þunginn í vinnumarkaðsaðgerðum meiri í umræddum löndum í fyrra en spád er í ár, öfugt við stöðuna hér. En við verðum að horfa fram á við. Og allt sem hægt er að gera á þessu ári til að flýta ráðningum mun margborga sig eftir nokkur ár og draga úr fjármögnunarþörf,“ segir Krístrún.

Þá tekur hún fram að flokkurinn leggi ekki til að ráðist verði í aðgerðir óháð aðstæðum.

„Þetta er mjög dýnamísk staða. Ef hagkerfið fer hraðar af stað en við var búist er það frábært og þá þarf að styðjast minna við ráðningarúrarræði og í styttri tíma en við var búist. En það borgar sig að vera með vaðið fyrir neðan sig til að fyrirbyggja óþarfa kostnað síðar meir. Það verður að veita fyrirtækjum og fólki án atvinnu fyrirsjáanleika hvað varðar úrræði svo þau nýtist betur. Ég myndi vilja sjá útvíkkun á ráðningarstyrkjum til lengri tíma

en nú er í boði. Við höfum ekki efni á því að stíga of lítill skref.“

Anna Hrefna hjá SA spyr hvaða forsendur séu fyrir aukinni skuldsetningu ríkissjóðs, það er umfram áætlanir stjórnvalda. „Hvaða aðgerðir vantar upp á? Á hvaða vanda er þeim ætlað að taka?“ spyr hún.

„Hér skiptir höfuðmáli að tilgreina fyrst í hvað fjármunirnir eiga að fara og að sýnt sé fram á að ráðstöfun þeirra sé sannanlega til þess fallin að styrkja hagkerfið og að ekki sé einungis verið að velta vandamálum yfir á komandi kynslóðir.“

Kaupendur mikilvægt þús

Frá sumarlokum síðasta árs hefur ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa á lengri endanum farið hækkandi. Vextir á markaði miðast við ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa og hækkun hennar hefur því keðjuverkandi áhrif á alla vexti í íslenskum krónum.

Ein helsta ástæðan á bak við hækkun ávöxtunarkröfunnar var sú að lífeyrissjódir, stærstu kaupendur lengri ríkisskuldabréfa, sýndu bréfunum lítinn áhuga á sama tíma og fjármögnunarþörf ríkissjóðs jókst til muna.

„Það er eitt að vilja auka skuldir en á hinum endanum þarf að vera kaupandi að skuldunum. Það er mikilvægt þúsli í heildarmyndinni,“ segir Stefán Broddi Guðjónsson, sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Arion banka.

„Við sáum skýrt á síðasta ári að lífeyrissjódir, langstærstu og mikilvægustu kaupendur ríkisskuldabréfa, eru ekki kaupendur að bréfum sem bera neikvæða raunvexti og stýrðu ávöxtunarkröfunni á markaði á ný upp í 3,5 prósent eða á svipaðar slóðir og fyrir COVID. Það eru engir erlendir fjárfestar á skuldabréfamarkaðinum og þess vegna ráða lífeyrissjóðirnir vaxtastíginu á Íslandi til langs tíma,“ segir Stefán Broddi.

„Ef ríkissjóður myndi auka við skuldir, með útgáfu langra skuldabréfa, umfram það sem áætlað er og treysta á að innlendir fjárfestar kaupi skuldabréfin, þá má gera ráð fyrir að langtímavextir á markaði hækki töluvert. Þá verður dýrara fyrir aðra að taka lán og að því leyti ryður ríkið öðrum fjárfestingum til hliðar.“


Ein stærsta efnahagsaðgerð ársins 2020 var umfangsmikil tilfærsla heimila úr verðtryggðum húsnæðislánunum yfir í óverðtryggð. Heimilin eru því mun næmari fyrir sveiflum í vaxtastigi en áður.

Seðlabankinn tregur til kaupa

Annar möguleiki er að Seðlabanki Íslands kaupi ríkisskuldabréfin með aðgerð sem er nefnd magnbundin íhlutun. Seðlabankinn hefur heimild til að kaupa ríkisskuldabréf fyrir 150 milljarða króna en frá því að heimildin var

Skuldir ríkissjóðs

Ná jafnvægi árið 2025 í 46,5%



Það væri því bjarnargreiði fyrir heimilin og fyrirtækin að ætla sér að viðhalda of miklum stuðningsaðgerðum of lengi.

Anna Hrefna Ingi-mundardóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA



þá er það lausa fjármagn ekki enn til staðar og dugir ekki einu sinni til að rúlla útistandandi víxla-flokkum,“ segir Stefán.

Samkvæmt gögnum Seðlabankans eiga bankarnir 133 milljarða inni í vikuinnlánunum Seðlabankans, en sú fjárhæð sveiflast mikið og var til dæmis 84 milljarðar í lok mars.

„Í stóra samhenginu er það ekki stórkostleg fjárhæð í því samhengi að vikuinnlánsvextir Seðlabankans eru hinir eiginlegu stýrivextir og endurfjármögnunarþörf ríkissjóðs á komandi mánuðum er miklu hærri,“ segir Stefán. Hann bendir á að Seðlabankinn gæti liðkað fyrir þessari fjármögnun til dæmis með því að selja nýjar krónur, til dæmis í skiptum fyrir erlendar innistæður ríkissjóðs í Seðlabankanum, eða á markaði ef aðstæður leyfa.

„Slík aðgerð fæli í sér að krónum í umferð fjölgar en það gæti strítt gegn verðbólguþætti bankans, en verðstöðugleiki er jú einu sinni æðsta markmið bankans. Það flækir óneitanlega samskipti ríkis og seðlabanka ef fjármögnun á halla ríkissjóðs stríðir gegn verðbólguþætti.“

Verðbólgan flækist fyrir

Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysliverðs hækkað um 4,3 prósent. Mars var þriðji mánuðurinn í röð þar sem verðbólga var yfir efri vikmörkum verðbólguþættis Seðlabankans.

Í síðustu fundargerð peningastefnunnar Seðlabanka Íslands ræddi nefndin heimild bankans til kaupa á skuldabréfum ríkissjóðs á eftirmarkaði. Þar kom fram að þróun verðbólgunnar væri ein af ástæðunum fyrir því að bankinn hefði ekki nýtt heimildina í meiri mæli.

„Í ljósi þess að verðbólga væri enn yfir markmiði væri ekki ráðlegt að bankinn beitti sér af krafti á skuldabréfamarkaði,“ segir í fundargerðinni. „Hjaldi verðbólga að markmiði gæti skapast svigrúm til kröftugri innkomu bankans ef þörf verði á.“

Það er eitt að vilja auka skuldir en á hinum endanum þarf að vera kaupandi að skuldunum. Það er mikilvægt þúsli í heildarmyndinni.

Stefán Broddi Guðjónsson, sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Arion banka



þarf að treysta á gjaldeyrissköpun til lengri tíma lítið til að standa skil á vöxtum og afborgunum. Síðan þegar erlendu lánunum er skipt yfir í krónur er hætt við að þau skapi verðbólguþrýsting, nema Seðlabankinn vinni á móti og þá þarf Seðlabankinn auðvitað að hafa verðbólgu og verðbólguþætti miðað í huga,“ segir Stefán Broddi.

Krafan lækki síðar meir

Aðspurð segir Krístrún að frekari halli á rekstri ríkissjóðs geti vissulega leitt til þess að ávöxtunarkrafan hækki. Hún lúti einfaldlega lög-málum framboðs og eftirspurnar.

„En á móti kemur að fjármagn sem sett er í að styrkja undirliggjandi þætti í tekjusköpun fyrir hagkerfið mun draga úr lánsfjármögnun ríkissjóðs síðar meir. Sem þýðir, út frá sömu forsendum, að krafan lækkar síðar meir,“ segir Krístrún.

Það er því heldur ófugsnið, að mati Krístrúnar, að möguleikinn á hækkun ávöxtunarkröfunnar komi í veg fyrir arðbærar fjárfestingar sem vinna gegn atvinnuleysi ef það leiðir svo til þess að virkni á vinnumarkaði eftir nokkur ár verði minni en ella, fjármögnunarþörf ríkissjóðs hækki og ávöxtunarkrafan með.

„Vissulega gæti bankinn stigið inn til að vinna á móti hærri kröfu,“ bætir hún við. „Seðlabankinn hefur til að mynda tekið umtalsvert magn af peningum úr umferð síðustu þrjá til fjóra mánuði með gjaldeyrissölu. Það er ekki í takt við yfirlysingar um að þetta ár eigi að vera ár peningarentunar.“

Krístrún segir að fjármögnun ríkissjóðs, það er hver kaupir ríkisskuldabréfin á hvaða verði, sé útfærsluatriði sem þurfi að ræða á næstu árum.

„Og ef við höfum áhyggjur af þessari útfærslu í dag, ættum við að hafa áhyggjur líka til næstu ára. Það hjálpar hins vegar ekki að horfa fram hjá undirliggjandi vanda, sem er atvinnuleysi. Sér í lagi ef áhyggjur eru af skuldastöðu því stærsti einstaki liðurinn í skuldastöðunni er virkni í hagkerfinu,“ segir hún.

Anna Hrefna segist taka undir álit sendinefndar Alþjóðagjald-eyrissjóðsins um að efnahagsaðgerðir færast frá neyðarástöðu yfir í fjárfestingu til uppbyggingar fjölbreyttara atvinnulífs þegar fram í sækir.

„Það má heldur ekki gleymast að við vorum í aðstöðu til að beita ríkisfjármálum til stuðnings hagkerfinu með þeim hætti sem gert var sökum sterkrar stöðu ríkissjóðs þegar áfallið skall á,“ bætir hún við.

„Alþjóðagjald-eyrissjóðurinn tilgreinir einmitt skynsamlega stefnu skuldalækkunar sem bjó til þetta svigrúm eða stefnurými sem nauðsynlegt var til að bregðast við. Þá stöðu viljum við að sjálfsögðu endurheimta.“

NILFISK VINNUR VERKIÐ Á METHRAÐA

Gólfþvottavélar og ryksugur fyrir hótél, fyrirtæki og iðnað

VAVELVÉL

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8-17

REKSTRARLAND verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver 515 1100 | rekstrarland.is

Tíu prósent ætla að ferðast til landsins

Markaðskönnun Íslandsstofu sýnir að tíu prósent svarenda á stórum markaðssvæðum íslenskrar ferðaþjónustu ætla að koma til Íslands innan tólf mánaða. Mikill áhugi hjá Bandaríkjamönnum. Ferðaviljinn líklega aukist meira frá gerð könnunarinnar.

Rétt yfir 10 prósent svarenda í nýrri markaðskönnun sem Íslandsstofa stóð á bak við ætla að ferðast til Íslands innan næstu tólf mánaða og mestur er áhugi Bandaríkjamanna.

„Þetta eru mjög jákvæðar niðurstöður og þær sýna að Ísland er samkeppnishæfur áfangastaður miðað við önnur lönd,“ segir Daði Guðjónsson, fagstjóri neytendamarkaðssetningar hjá Íslandsstofu.

„Við þurfum þó að hafa í huga að þetta er ekki fullnaðarsigur. Fólk er fljótt að gleyma og þess vegna er mikilvægt að viðhalda Íslandi sem áfangastað í huga ferðamanna þangað til og eftir að þeir byrja að ferðast á ný.“

Markaðskönnun Íslandsstofu, sem var framkvæmd af Maskínu í febrúar, náði til ferðamanna í Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku, Kanada, Þýskalandi og Svíþjóð. Svarendur voru á aldursbilinu 25 til 65 ára.

Innan næstu tólf mánaða ætla rétt yfir 10 prósent svarenda að heimsækja Ísland sem er svipað hlutfall og ætla að heimsækja Finnland á sama tímabili. Til samanburðar ætla um 7 prósent að heimsækja Nýja-Sjáland og 16 prósent að heimsækja Danmörku, en það eru lágstu og hæstu hlutföllin af löndum sem var spurt um.

Nokkuð litill munur er á milli mánaða sem ferðamenn segjast almennt verða tilbúnir að byrja að bóka næstu ferð en júní og september mælast hæst.

„Þess má geta að þegar könnunin var framkvæmd voru ekki komnar fréttir um eldgos, áform um að bólusettir ættu greiða leið inn í landið og Húsavík hafði ekki verið tilnefnd til Óskarsverðlauna. Þetta eru allt hlutir sem vinna með okkur,“ segir Daði.


Frá því að könnunin var framkvæmd hefur leitarniðstöðum sem tengjast Íslandi fjölgað um helming að sögn Daða. Þannig má leiða líkur að því að ferðaviljinn sé enn meiri en niðurstöður könnunarinnar gefa til kynna.

Á næstu tólf mánuðum eru Bandaríkjamenn líklegastir til að heimsækja Ísland, en á bilinu 14-15 prósent þeirra ætla að ferðast hingað



Ísland mælist hæst þegar kemur að trausti ferðamanna til landa til að takast á við COVID. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hversu líklegt er að þú munir heimsækja Ísland?



að til lands. Kanadabúar eru ólíklegastir, en 6 prósent þeirra ætla að heimsækja Ísland.

„Þetta rímar við það sem við heyrum í samtölum við ferðaþjónustufyrirtæki en það er að mesti áhuginn kemur frá Bandaríkjunum og síðan Bretlandi,“ segir Daði.

Rúmlega 43 prósent svarenda ætla að ferðast til útlanda á næstu tólf mánuðum. Kanadamenntu eru ólíklegastir til að ferðast til útlanda á tímabilinu, rétt undir 25 prósentum, og Bandaríkjamenn, um 58 prósent, eru líklegastir.

Þá mælist Ísland hæst þegar kemur að trausti ferðamanna til landa til að takast á við COVID-19. Um 33 prósent svarenda sögðust treysta Íslandi algjörlega en næsta land á eftir er Kanada með 26 prósent.

Áhyggjur af útbreiðslu COVID-19

Þess má geta að þegar könnunin var framkvæmd voru ekki komnar fréttir um eldgos, áform um að bólusettir ættu greiða leið inn í landið og Húsavík hafði ekki verið tilnefnd til Óskarsverðlauna.

Daði Guðjónsson, fagstjóri neytendamarkaðssetningar hjá Íslandsstofu



voru algengasta ástæðan sem fólk gaf fyrir því að það væri ólíklegt til að ferðast á næstunni. Um 77 prósent svarenda nefndu COVID-19 sem helstu ástæðuna.

„Það er mjög mikilvægt að viðhalda þessu trausti nú þegar við nálgumst eðlilegra ástand og getum byrjað að taka á móti ferðamönnum,“ segir Daði.

Þá gefa niðurstöðurnar til kynna að samsetning þeirra sem hyggjast koma til landsins sé íslenski ferðaþjónustu hagfelld. „Við sjáum að ungir menntaðir og tekjuháir ferðamenn er líklegastir til að heimsækja Ísland innan árs,“ segir Daði.

Á öllum markaðssvæðum, nema Kanada, eru svarendur með hærri laun líklegri til að ferðast til útlanda á næstu mánuðum heldur en þeir sem eru með lægri laun.

Einnig voru svarendur spurðir hversu aðlaðandi væri að starfa á Íslandi. Um 46 prósent sögðu það vera aðlaðandi kost og nefndu flestir náttúru, öryggi og lífsgæði sem helstu ástæður. Flestir sögðust geta hugsað sér að starfa á Nýja-Sjálandi, um 57 prósent, en fæstir í Finnlandi, um 43 prósent. Þeir sem ekki vildu starfa á Íslandi nefndu það helst að þeir vissu ekki nægilega mikið um landið eða að ekki væri nægilega gott aðgengi til eða frá landinu.

thorsteinn@frettabladid.is

Verðbólgan verði þrálátari en væntingar hafa verið um

Allt bendir til að verðbólgan, sem hefur farið stöðugt hækkandi undanfarna mánuði og mælist nú 4,3 prósent, eigi eftir að ganga hægar niður en væntingar hafa staðið til.

„Mikil hækkun á hrávöruverði, flutningskostnaði og ójafnvægi á mörkuðum mun kynda undir verðbólgu innanlands,“ segir í nýrri greiningu Jakobsson Capital sem Markaðurinn hefur undir höndum. Þar er jafnframt bent á að innflutt verðbólga sé utan áhrifsvæðis Seðlabanka Íslands og bankinn hafi því fá vopn til að bregðast við innfluttri verðbólgu.

Í greiningunni eru rifjuð upp ummæli forsvarsmanna ASÍ í fréttum fyrr í þessum mánuði, þar sem því hafi verið haldið fram að álagning smásöluvyrirtækja hefði hækkad að undanförunu, sem að mati greinenda Jakobsson Capital standist ekki skoðun þegar litið er til fjárhagsupplýsinga félaganna.

Þannig bendir hann á að framlegðarhlutfall Krónunnar hafi lækkað um 1,5 prósent á milli árunna 2019 og 2020 sem þýði að álagning matvörukeðjunnar hafi

Stórhækkandi flutningskostnaður frá Kína



dregist saman um liðlega 700 milljónir á tímabilinu. Sama sé uppi á teningnum þegar litið sé til Haga, sem reka meðal annars verslanir undir merkjum Bónuss og Hagkaupa, en þar hefur framlegðarhlutfallið sömuleiðis lækkað.

Í greiningunni segir að á meðal þess sem geti skýrt lækkanndi fram-

legðarhlutfall smásöluvyrirtækja, á sama tíma og verðlag hafi hækkad umfram það sem gengissveiflur krónunnar gefa tilefni til, sé að veltuhraði birgða sé mun hægari í fatnaði, raftækjum, húsgögnum og bifreiðum en í samanburði við til dæmis matvöru. „Þannig getur það tekið 3 til 12 mánuði fyrir

gengisstyrkingu og gengisveikingu að koma fram í framangreindum flokkum, á meðan það tekur oftast innan við þrjá mánuði í dagvöru.“

Það sem skipti ekki síður máli, að mati greinenda Jakobsson Capital, eru miklar hækkunir á flutningskostnaði vegna faraldursins og almennu hrávöruverði.

Flutningskostnaður frá Kína hefur hækkad um 125 prósent frá því sumarið 2020. „Þótt flutningskostnaður hafi eitthvað lækkað frá því í febrúar mun það líklega ekki hafa áhrif á vöruverð hér heima fyrr en í sumarbyrjun, en nokkur tími liður frá því að vara er flutt með skipi frá Asíu eða Kína þangað til hún fer í hillur verslunar á Íslandi. Sömuleiðis má sjá þá skörpu hækkun sem var í flutningskostnaði í haust sem hefur haft áhrif á verðlag síðustu mánuði,“ segir í greiningunni.

Á það er bent að 28 prósent allrar framleiðslu í heiminum komi frá Kína og því ljóst að meira en tvöföldun flutningskostnaðar hafi áhrif á verð flestra vara sem eru fluttar þaðan. Á meðal þess sem skýrir hækkunirnar sé mikil eftir-

spurn og ónógt framboð flutningarárýmis, auk þess sem umskipunartími jókst mikið í kjölfar þess að flóðgáttir brustu um mitt síðasta ár. Lengri umskipunartími hafi jafngilt því að um fjögur prósent alls skipaflota heimsins hafi verið tekinn úr umferð. Hafnir heimsins geti aðeins afgreitt takmarkað magn í einu og sóttvarnir hægi enn frekar á.

Í greiningunni segir að þetta ójafnvægi á markaðnum geti varað í nokkurn tíma. Flutningskostnaður sé misjafn eftir vöruflokkum, en gróflega áætlað sé hann um 15 prósent af kostnaði innfluttra matvara og um 5 til 10 prósent í fatnaði.

Þá bendir greinandi Jakobsson Capital á að samtímis því að slaknaði á flutningskostnaði fyrr á árinu hafi hrávöruverðið tekið við sér og að verð nær allra hrávara sé nú hærri en fyrir faraldurinn. Alþjóðabankinn spái því að verð á málmum eigi eftir að hækka um 30 prósent og verð á landbúnaðarafurðum, sem hefur ekki verið hærri frá því 2014, um 14 prósent. Hins vegar sé reiknað með því að olíumarkaðir, en verð á bensíni hefur hækkad nokkuð að undanförunu, hafi náð jafnvægi. – hae

Bókin verði til vitundarvakningar

Svipmynd

Sara Lind Guðbergsdóttir

Nám: Meistarapróf í lögfræði frá HÍ.

Störf: Sviðsstjóri stjórnunar og umbóta hjá Ríkiskaupum frá 2021, aðalmaður í samninganefnd ríkisins við kjarasamningagerð samhliða reglubundnum störfum hjá Kjara- og mannauðssýslu 2015-2021, lögfræðingur Kjara- og mannauðssýslu 2014-2021, lögfræðingur hjá Ljósinu, endurhæfingarmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra 2013-2014. Stjórnarmaður í Lífeyrissjóði bænda 2015-2019. Stjórnarmaður í Vinnu-eftirliti ríkisins frá 2014.

Fjölskylduhagir: Gift Stefáni Einari Stefánssyni fréttastjóra. Tveir synir, Tómas Björn, 4 ára og Jónas Rafnar, 2 ára.

Sara Lind Guðbergsdóttir, sem muntraði sig nýverið til Ríkiskaupa og gegnir þar starfi sviðsstjóra stjórnunar og umbóta, hleypur utan vegar ásamt vinkonum og kann að meta gott rósakampavin.

Hvers vegna ákvaðstu að þýða bókina Shorter eftir Alex Soojung-Kim Pang sem fjallar um styttingu vinnuvikunnar?

Við síðustu kjarasamningsgerð átti ég mörg góð samtöl við aðila vinnuarkáðarins um styttingu vinnuvikunnar og hvernig hægt væri að ná fram markmiðum hennar hjá stofnunum ríkisins, án þess að framlegð minnkaði og starfsfólk yrði fyrir launaskerðingu.

Ég rakst á bók dr. Alex Soojung-Kim Pang, í leit minni að rannsóknum og farsælum fordæmum hjá fyrirtækjum og stofnunum sem höfðu stytta vinnuvikuna.

Ástæða þess að ég ákvað að ráðast í þýðingu á bókinni er sú að nálgun Alex á efninu talaði til mín og ég fann að hún gat orðið vitundarvakning, bæði hjá starfsfólki og stjórnendum, og stutt við markmið þessa umbótaverkefnis sem stytting vinnuvikunnar sannarlega er.

Hver er lykillinn að styttingu vinnuvikunnar samkvæmt bókinni?

Lykillinn að farsælli styttingu vinnuvikunnar er að stjórnendur og starfsfólk taki höndum saman og endurhanni vinnudaginn og skipulag vinnunnar með það að markmiði að auka skilvirki og afköst. Með því að leggja mat á árangurinn sem næst af þeim umbótum er hægt að deila ábatan-



Sara Lind Guðbergsdóttir þýddi bókina Shorter eftir dr. Alex Soojung-Kim Pang um styttingu vinnuvikunnar á íslensku. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Á hverju ári, oftast í kringum jól, les ég Ferðin sem aldrei var farin eftir Sigurð Nordal.

um og gera öllum á vinnustaðnum kleift að njóta ávinningsins sem felst í auknum tíma.

Þú tókst fyrir skömmu við nýju starfi hjá Ríkiskaupum. Í hverju felst það?

Ég tók nýverið við nýju starfi sviðsstjóra stjórnunar og umbóta hjá Ríkiskaupum og hlutverki staðgengils forstjóra. Við hjá Ríkiskaupum erum í miðri vegferð að endurskipuleggja stofnunina, breyta áherslum hennar og vinna að því markmiði að gera Ríkiskaup að raunverulegu hreyfiafli í samfélaginu sem leiðir verkefni sín áfram með nýsköpun og umbætur að leiðarljósi. Þetta nýja svið

Orkan sem ég upplifi í hvert sinn þegar ég sæki Jerúsalem heim er ólýsanleg

Á hverju ári, oftast í kringum jól, les ég Ferðin sem aldrei var farin eftir Sigurð Nordal. Frásögnin minnir okkur á að hver dagur í lífinu hefur tilgang og er í eðli sínu undirbúningur fyrir framhaldið, hvert svo sem það er. Í sögunni felst áminning um að í lífinu koma tækifæri til að breyta til betri vegar, finna gleðina í hversdagsleikanum og njóta lífsins fyrir það sem það er.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ég er svo lánsöm að eiga frábærar vinkonur sem á síðustu mánuðum hafa verið að koma mér í hlaupagirinn og kynna mig fyrir kröftum utanvegahlaupa og brekkuspretta!

Þá gefur það mér mikið að elda góðan mat fyrir skemmtilegt fólk og Milanese með góðu rósakampavini klikkar aldrei.

Hver er uppáhaldsborgin þín?

Orkan sem ég upplifi í hvert sinn þegar ég sæki Jerúsalem heim er ólýsanleg. Borgin er sérstök fyrir margar sakir, sér í lagi söguna, en fjölbreytileikinn í samfélaginu og hin frábæra matarmenning heilla mig mest.

stjórnunar og umbóta annast sam-eiginleg mál Ríkiskaupa er varða umbætur, nýsköpun og stafræna þróun og stýrir stefnumótun og áætlanagerð sem styður við framtíðarsýnina og markmiðin, ásamt forstjóra. Þá heyrta lögfræðileg ráðgjöf og fræðslumál undir sviðið sem og rekstrar- og mannauðsstjórnun.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

VEST



Hjelle

Modell 711

Hönnun Fredrik A. Kayser

Hægindastóll sem stendur tímans tönn. Hannaður árið 1960. Þessi dásamlegi stóll er margverðlaunaður fyrir klassíska hönnun sína og er þægilegur jafnt sem einstakur.

40.000 kr

kaupauki fylgir öllum

Modell 711 hægindastólum í Apríl

Skotsilfur



Fyllt í eyður

Fjölmiðlafar varð eftir að Stundin birti viðtal við **Ásgeir Jónsson** seðlabanka-stjóra þar sem hann sagði að Íslandi væri „að miklu leyti stjórnað af hagsmunahópum“ og það væri „meiri háttar mál að lenda upp á kant við þá“. Ýmsir álitsgjafar og pistlahöfundar tülkuðu ummælin þannig að þau féllu inn í heimsmynd þeirra. Ásgeir væri þar að visa til framgöngu eigenda Samherja. En blaðamaðurinn virtist ekki hafa spurt seðlabankastjóra hvað hann ætti nákvæmlega við með þessum ummælum. Eflaust hefði svarið verið margþættara en margir vilja halda. Enda er vald ekki bundið við auðlegð. Heimfæra mætti ummælin á fleiri hópa, svo sem hina nýju forystu verkalyðshreyfingarinnar, sem hefur reynt að nota vald sitt til þess að hafa áhrif á fjárfestingaávarðanir lífeyrissjóða – og láta sér fátt um finnast þegar þeir eru ávittir af Fjármálaeftirliti Seðlabankans. Aðurnefndir álitsgjafar skeyta þó engu um slíka misnotkun á valdi.



Heillaskref

Stjórnvöld hafa kynnt afléttingaráætlun, vörðurnar fjórar, sem tengja afléttingu takmarkana innanlands við markmið um bólusetningu. Þetta er mikið heillaskref og **Svandís Svavarsdóttir** heilbrigðisráðherra á hrós skilið fyrir að standa fyrir slíkri áætlun. Ávinningurinn af fyrir-sjáanleika einskorðast ekki við gerð rekstraráætlana hjá fyrirtækjum. Hann er ekki síður fólgin í því að fólk sjái fram á að lífið komist aftur í eðlilegt horf í náinni framtíð. En afléttingaráætlun er ekki fullnaðarsigur því stjórnvöld þurfa að standa í lappirnar til þess að áætlunin gangi eftir. Það er nefnilega svo að ýmsir kimar samfélagsins virðast áfram um að viðhalda þeim hughrifum fólks að enn sé þörf á takmörkunum óháð framgangi í bólusetningum.



Verð á járngrýti í methæðum vegna eftirspurnar frá Kína



Verð á járngrýti, sem nýtt er til framleiðslu á stáli og hefur verið helsta tekjulind margra stærstu námufyrirtækja heims, er í methæðum. Rekja má hækkinguna til þess að kínversk stálveru eru að auka við framleiðsluna enda er framlegðin góð um þessar mundir. Verð á járngrýti var 193,85 Bandaríkjadalir á tonnið á þriðjudag og sló þar með met frá árinu 2011 um 85 sent þegar hrávörverð fór hratt hækkandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hætt verði við stórfelldar breytingar á lífeyrissjóðalöggjöfinni

Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins

Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins

Jón L. Árnason, framkvæmdastjóri Lífsverks lífeyrissjóðs

Ólafur Páll Gunnarsson, framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins

Ólafur K. Ólafs, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda

Sigurisli Ingimarsson, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs tannlækna

Snædis Ö. Flosadóttir, framkvæmdastjóri Eftirlaunarsjóðs FÍA og Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna.

Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp um breytingar á lögum um lífeyrissjóði sem boðar stærstu breytingar á réttindakafla laganna frá árinu 1997. Fyrir liggur að breytingarnar munu hafa umtalsverð og umdeild áhrif á lífeyrissparnað flestra landsmanna. Með frumvarpinu leitast stjórnvöld við að efna skuldbindingar sínar gagnvart Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) og Samtökum atvinnulífsins (SA) vegna Lífskjarasamningsins frá árinu 2019.

Sátt ógnað

Í frumvarpinu er að finna ýmsar jákvæðar breytingar sem almenn sátt ríkir um. Aðrar breytingar eru því miður ekki jafn vel ígrundaðar og á það m.a. við um ákvæði er varða svonefnda tilgreinda séreign, sem nú stendur til að lögfesta, þrátt fyrir fjölmargar ábendingar þess efnis að það leiði einungis til meira flækjustígs í lífeyrissjóðakerfinu. Samkvæmt núgildandi lögum geta lífeyrissjóðir boðið sjóðfélögum töluvert val og sveigjanleika hvað varðar þann hluta skylduöðgjalds sem ráðstafað er í frjálsa séreign. Góð sátt hefur ríkt um þetta fyrirkomulag í meira en tvo áratugi en

ákvæði fyrirbyggjandi frumvarps um tilgreinda séreign ógnar þessari sátt.

Þessi nýja tegund séreignar á rætur að rekja til kjarasamnings ASÍ og SA en þeir lífeyrissjóðir sem starfa á samningssviði samtakanna (7 sjóðir af 21) hafa nú þegar tekið upp ákvæði um tilgreinda séreign. Aðrir aðilar á almennum vinnumarkaði, opinberir starfsmenn og aðrir hópar hafa hins vegar ekki samið um tilgreinda séreign. Það skýtur skökku við að aðilar á vinnumarkaði sem eru í forsvari fyrir lífeyrissjóði sem eru minnihluti af lífeyriskerfinu, hvort sem lítið er til fjölda, eigna eða iðgjalda sjóðfélaga, séu í aðstöðu til að þvinga slíkri löggjöf upp á meirihluta launamanna í landinu án nægjanlegs undirbúnings og samtals við viðeigandi hagsmunaaðila.

Lögfesting tilgreindrar séreignar mun valda ómældum flækjum og ruglingi hjá sjóðfélögum, lífeyrissjóðum og öðrum hagsmunaaðilum og þróunarkostnaðar ótímabundið. Í öðru lagi þarf að hækka skattafrádrátt vegna fjárfestinga einstaklinga í sprötafyrirtækjum úr 75% í 100% til að virkja einkafjármagn enn frekar í fjárfestingar í frumkvöðlastarfsemi. Í þriðja lagi þarf að auka framlög til Tækniþróunarsjóðs og taka mið af mælanlegum markmiðum

Önnur ákvæði frumvarpsins eru einnig umdeild og má þar nefna hækkingu skylduáðildar úr 16 ára í 18 ára aldur, árlega verðtryggingu

lífeyris í stað mánaðarlegrar, breytingar á áhrifum útgreiðslna séreignarsparnaðar á lífeyri almannatrygginga og hækkingu lágmarksjóðgjalds og lágmarkstryggingaverndar. Þessi ákvæði og fleiri bera þess merki að skort hefur á undirbúning og samvinnu við gerð frumvarpsins, m.a. við lífeyrissjóði, stéttarfelög opinberra starfsmanna og önnur stéttarfelög utan ASÍ.

Grænbók um lífeyrismál

Stjórnvöld hafa boðað vinnu um grænbók um lífeyrismál og heildarendurskoðun lífeyriskerfisins sem átti að ljúka vorið 2021 með viðtæku samráði hagsmunaaðila en vinnan hefur tafist. Við teljum hvorki rétt né skynsamlegt að breyta lögum og gera lífeyriskerfið að óþörfu áður en það starf hefst. Við leggjum því til að fyrirhugaðar lagabreytingar verði dregnar til baka, eða í það minnsta gerðar valkvæðar hvað varðar tilgreinda séreign ef stjórnvöld telja sig þurfa að uppfylla loforð gagnvart ASÍ og SA. Betur færi á því að efnisatriði frumvarpsins verði tekin til umfjöllunar í grænbókavinnunni og þá tekið tillit til sjónarmiða hagsmunaaðila og leitað leiða til að einfalda lífeyriskerfið öllum til hagsbóta.

Umbætur í nýsköpun efla samkeppnishæfni



Sigríður Mogensen sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs Samtaka iðnaðarins

Fjárfesting í nýsköpun hefur áhrif á samkeppnishæfni Íslands. Ísland á að vera í fremstu röð meðal þjóða heims þegar kemur að nýsköpun og þarf að styrkja þjóðarbuíð í harðri alþjóðlegri samkeppni á þessu sviði enda er hugvit án landamæra. Á árinu 2020 áttu sér stað mikilvægar umbætur á sviði nýsköpunar. Ber þar hæst hækkun á hlutfalli og

þaki á endurgreiðslum vegna rannsóknar og þróunar. Fleira kom til. Nýr hvatasjóður frumkvöðlafjárfestinga, Kría, var festur í lög og framlög til Tækniþróunarsjóðs aukin. Þessar aðgerðir voru mikið framfaraskref og hafa þær þegar haft áhrif, enda er um að ræða jákvæða, efnahagslega hvata til fjárfestingar í nýsköpun á forsendum markaðarins. Fjölmörg dæmi eru til að mynda um fyrirtæki í hugverkaiðnaði sem réðust strax í auknar fjárfestingar í kjölfar hækkingu á endurgreiðslum. Hafði það í för með sér að ný, verðmæt störf urðu til.

Nýsköpun í atvinnulífi leggur grunninn að sköpun verðmætra og eftirsótttra starfa. Nýsköpun á sér stað í öllum atvinnugreinum og

hjá litlum og stórum fyrirtækjum. Aðgerðir til að örva nýsköpun eru nauðsynlegar til að styrkja útflutning, en gjaldeyriskerfi þjóðarbúsins þurfa að aukast verulega til að halda í við, og efla, lífskjör til framtíðar. Þetta verður einungis kleift með virkjun hugvits, nýsköpun, nýjum útflutningi og nýjum leiðum til að vinna aukin verðmæti úr takmörkuðum náttúruauðlindum þjóðarbúsins. Umgjörð og hvatar til nýsköpunar á Íslandi ættu því að fá veglegan sess í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar, enda mun fjárfesting í nýsköpun ráða úrslitum um framtíðarlífskjör hér á landi.

Meira þarf að koma til á þessu sviði til að íslenskt hagkerfi verði í ríkari mæli drifið áfram af fjár-

festingu í nýsköpun. Það er mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að auka þurfi fjölbreytni í íslensku efnahagslífi, sem er samhljóma mati Samtaka iðnaðarins. Nú er rétti tíminn til að byggja upp íslenskan hugverkaiðnað. Samtök iðnaðarins hafa lagt til umbætur á sviði nýsköpunar til að ná enn frekari árangri. Í fyrsta lagi þarf að gera hækkingu þaks og endurgreiðsluhlutfalls vegna rannsókna og þróunarkostnaðar ótímabundið. Í öðru lagi þarf að hækka skattafrádrátt vegna fjárfestinga einstaklinga í sprötafyrirtækjum úr 75% í 100% til að virkja einkafjármagn enn frekar í fjárfestingar í frumkvöðlastarfsemi. Í þriðja lagi þarf að auka framlög til Tækniþróunarsjóðs og taka mið af mælanlegum markmiðum

um úthlutunarhlutfall, þannig að framlög taki mið af eftirspurn. Með þeim hætti er unnt að bregðast við háu atvinnuleysi og tilheyrandi aukinni aðsókn í sjóðinn hverju sinni. Í fjórða lagi þarf að liðka fyrir komu erlendur sérfræðinga til Íslands með rýmkuð á heimild til skattafrádráttar og einföldun ferla. Í fimmta lagi þarf að markaðssetja Ísland á breiðari grunni, sem nýsköpunarland og beina því sérstaklega að fjárfestum, frumkvöðlum og erlendum sérfræðingum.

Árangur í nýsköpun styður við frekari verðmætasköpun. Með þessum umbótum eflum við samkeppnishæfni Íslands og verðum betur í stakk búin til að endurreisa hagkerfið.

Vandaður vegur ábyrgra fjárfestinga



Valdimar Ármann
forstöðumaður
Eignastýringar
Arctica Finance

Allir, þar með talið fyrirtæki og opinberir aðilar, leita nú leiða að því að uppfylla Heimsmarkmiðin og markmið í loftslagsmálum. Hlutverk fjárfesta með ábyrgum fjárfestingum þar sem tekið er aukð tillit til umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarhátta (skammstafað UFS eða á ensku ESG) er að fá síaukna athygli, og fjárfestar setja sér í auknum mæli stefnur um ábyrgar fjárfestingar og meta hvernig hægt sé að flétta þeim saman við núverandi fjárfestingarstefnur, heimildir og markmið. En eitt er að setja stefnuna, og annað er svo að framfylgja henni.

Stefnum fylgir ábyrgð

Það hefur því vakið athygli að tveir stórir stofnanafjárfestar hvor sínum megin við Atlantshafið hafa nýverið birt uppfærðar stefnur eða markmið um ábyrgar fjárfestingar og þeim fylgja áþreifanlegar breytingar á eignasöfnum þeirra:

■ Á síðasta ári ákvað eftirlaunastjórn New York fylkis (New York state pension fund) að endurskoða stefnu sína í umhverfismálum. Á síðasta ári voru seldar eignir sem



tengdust kolaiðnaðinum og nýverið tilkynnti sjóðurinn að hann hefði takmarkað fjárfestingar sínar í fyrirtækjum sem vinna olíu úr sandi, (e. oil sand companies) og muni að lokum selja allar eignir sínar í þeim félögum.

Á næstunni verða endurskoðaðar fjárfestingar í fyrirtækjum sem vinna olíu úr bergi með vökvabroti (e. shale oil) og gasfyrirtækjum. Sjóðurinn mun hvorki kaupa hlutafé, skuldabréf né lán eða eiga eignir óbeint gegnum sjóði eða eignastýringar í þeim félögum sem ákveðið er að fjárfesta ekki í. Á næstu 5 árum er stefnan að losa um allar eignir sem tengjast óendurnýjanlegum orkugjöfum (e. fossil fuel investments).

● ● **Sala eigna og viðtæk takmörkun fjárfestingarheimilda er þó enn sem komið er síðasta úrræðið sem flestir fjárfestar gripa til.**

■ Norski olíusjóðurinn (Government Pension Fund Global) hefur sett ábyrgar fjárfestingarframarlega á oddinn hjá sér í uppfærðri fjárfestingarstefnu, sem verður til þess að sjóðurinn þarf að selja, eða endurfjárfesta, einhvern hluta af sínu safni. Loftslagsmálin eru talin vera stór þáttur í fjárfestingarákvörðunum í framtíðinni og sjóðurinn hefur sett á stefnuna hjá sér að hann muni

beita áhrifum sínum á fyrirtæki. Er metið sem svo að fjárhagsleg markmið fjárfestingar verði að fara saman með ábyrgum markmiðum.

Hins vegar gæti afleiðingin verið sú að fjárfestingar sem dregið verður úr séu margar í nýmarkaðsríkjum þar sem stofnanaeftirlit er veikara og gagnsæi minna, en vonandi verður það til þess að þau ríki sjái sér hag í því að efla stjórnarhætti til að laða áfram til sín erlendar fjárfestingar. Þá hefur sjóðurinn fjárfest í fyrsta skipti í vindorku og stefnir að frekari fjárfestingum í grænni og sjálfbærri orkuframleiðslu.

Samtal fjárfesta og fyrirtækja
Sala eigna og viðtæk takmörkun fjárfestingarheimilda er þó enn

sem komið er síðasta úrræðið sem flestir fjárfestar gripa til, og er notað ef útgefandi sýnir enga viðleitni eða áhuga á því að uppfylla eða getu til að uppfylla uppfærðar fjárfestingarstefnur fjárfesta um ábyrg markmið. Ábyrgar fjárfestingar ná yfir allar fjárfestingar, hvort sem um er að ræða skráðar eða óskráðar.

Á Íslandi eru óskráð lítill og meðalstór fyrirtæki mögulega ekki með tíma aflögu til að huga að því að skjala málefni sem tengjast UFS en mörg þeirra uppfylla eflaust margar kröfur fjárfesta. Fyrstu skref fjárfesta snúast því um að spyrja fyrirtæki og útgefendur spurninga um hegðun þeirra og stefnur og finna samhljóm í ábyrgri hegðun hjá fjárfestum og fyrirtækjum.

Vitundarvakning blasir við

Vitundarvakning blasir við í samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærni. Íslensk stjórnvöld beita sér meðal annars fyrir því að undirstrika mikilvægi aðgerða í loftslagsmálum við fjárfesta með því að undirbúa útgáfu á grænum ríkisskuldabréfum. En í hnotskurn eru ábyrgar fjárfestingar samstarfsverkefni fjárfesta og fyrirtækja. Stefnur og markmið eru settar niður á blað og unnið er að því að uppfylla það sem fram er lagt. Hjá fjárfestum felst það í því að meta aðkomu sína að fjárfestingum með því að gera mat á UFS-þáttum og það þarf að spyrja útgefendur spurninga, ræða málin, spyrja spurninganna aftur og gera endurmat. Aukin umræða og vitundarvakning mun eingöngu leiða okkur á betri stað.



Komum hlutunum á hreyfingu

Við bjóðum hagstæðar leiðir til að fjármagna ný og notuð atvinnutæki og bíla sem henta rekstrinum þínum.

SKOÐUN

Þórður
Gunnarsson



Stóri faraldurinn

Samkvæmt því sem kemur fram í opinberum gögnum má sjá að COVID-19 hefur kostað á bilinu 3,1 til 3,3 milljónir manna lífið á heimsvísu, það er frá upphafi faraldursins haustið 2019. Bæði má færa rök fyrir því að sú tala sé vanmetin en líka að hún sé ofmetin.

Til dæmis segja opinberar tölur frá Kína að innan við 5.000 manns hafi látið lífið af völdum sjúkdómsins. Það er að öllum líkindum ekki rétt og nánast örugglega vanmat – í þessu fjölmennasta ríki heims.

Á móti má líta á lönd eins og Belgíu, sem samkvæmt opinberum gögnum er með hæstu dánartíðni heims. Þar eru tæplega milljón staðfest smit en um 25 þúsund andlát, sem myndi þýða um 2,5 prósentu dánartíðni, sem er sennilega ofmat.

Ísland er það land í heiminum sem hefur viðhaft hvað umfangsmesta skimun og smitrakningu, en úr tölum á covid.is má lesa að dánartíðnin er um 0,4 prósent.

Í öllu falli er aðferðafræði ríkja við talningu mismunandi sem og mat á þeim mannskaða sem faraldurinn hefur valdið. Því ber að taka tölunum með fyrirvara. Samanburður milli landa er erfiður.

En sé gert ráð fyrir því að á bilinu 3 til 3,5 milljónir manna hafa fallið af völdum COVID-19, er áhugavert að setja þá tölu í samhengi við önnur heilbrigðisvandamál.

Færa má rök fyrir því að COVID-19 sé bara ein birtingarmynd miklu stærri og alvarlegri faraldurs, sem er offita á heimsvísu. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin segir á vefsíðu sinni að hið minnsta 2,8 milljónir manna láti lífið vegna offitutengdra sjúkdóma á hverju ári. Á hverju einasta ári látast næstum því jafnmargir vegna offitu og hafa dáð vegna COVID-19.

Samkvæmt samantekt sömu stofnunar hefur tíðni offitu um það bil þrefaldast frá árinu 1975. Hér er risavaxnasta heilbrigðisvandamál sögunnar í uppsiglingu.

Yfirvöld um allan heim hafa sýnt það á undanförunum miss-erum að þau eru tilbúin að kosta gríðarlega miklu til að vernda borgarana fyrir einum, ákveðnum sjúkdómi.

Áhugavert verður að sjá hvort offitufaraldurinn verður áfram tekinn sömu vettlingatökum. Það er í það minnsta engin lausn að loka líkamsræktarstöðvum til að takast á við hann.

Lán til fyrirtækja aukast á ný

Ný útlán bankanna, umfram upp- og umframgreiðslur, til atvinnufyrirtækja námu um 13,4 milljörðum króna í síðasta mánuði. Hafa bankarnir ekki lánað jafn mikið í einum mánuði til fyrirtækja frá því að faraldurinn hófst í mars í fyrra.

Þetta má lesa út úr nýjum hagtölum Seðlabankans um íslenska bankakerfið en nokkur viðsnúningur hefur orðið í nýjum útlánnum til atvinnulífsins á síðustu fjórum



Birna Einarsdóttir,
bankastjóri
Íslandsbanka.

mánuðum. Frá því í desember á liðnu ári nemur útlánaaukningin samanlagt um 30 milljörðum. Til samanburðar voru ný útlán bankanna til atvinnufyrirtækja á öllu árinu 2020 hins vegar aðeins tæplega 8 milljarðar.

Á sama tíma og lán til fyrirtækja eru að taka við sér er ekkert lát á auknum íbúðalánnum til heimilanna en þau jukust, umfram upp- og umframgreiðslur, um 28 milljarða í marsmánuði. Frá áramótum nema ný útlán bankanna til heimila um 83 milljörðum króna. – hae

24.04.2021



Það að vera seðlabankastjóri er þannig starf að ef þú hefur ekki hörku í þér þá bugastu.

Ásgeir Jónsson,
seðlabanka-
stjóri



LEGGSTA VERÐIÐ



Ódýrt fyrir alla

Orkan býður lágsta eldsneytisverðið víða um land. Finndu þína Orkustöð á orkan.is og fylltu á bílinn þar sem þú færð meira fyrir peninginn. Sjáumst á Orkunni!

Sterkari saman
í sátt við umhverfið

LITRÓF
Guðjón Ó
Prenttækni

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000